

# PRÓFKJÖR

## Sjálfstæðisflokksins

### laugardaginn 10. febrúar

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ vegna bæjarstjórnarkosninganna í vor fer fram laugardaginn 10. febrúar. Kosið verður í félagsheimilinu í Kjarna kl. 10:00-19:00.



Arna Hagalinsdóttir



Ásgeir Sveinsson



Davíð Ólafsson



Hafsteinn Pálsson



Haraldur Sverrisson



Helga Jóhannesdóttir



Kolbrún G. Þorsteinsdóttir



Kristín Ýr Pálmarsdóttir



Mikael Rafn L. Steingrímsson



Rúnar Bragi Guðlaugsson



Sólveig Franklinsdóttir



Sturla Sær Erlendsson



### ATKVÆÐASEÐILL

Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í MOSFELLSBÆ  
10. FEBRÚAR 2018

Nafn	Starfsheiti
Arna Hagalinsdóttir	Atvinnurekandi / Fjármálastjóri
Ásgeir Sveinsson	Framkvæmdastjóri
Davíð Ólafsson	Söngvari
Hafsteinn Pálsson	Bæjarfulltrúi / Verkfræðingur
Haraldur Sverrisson	Bæjarstjóri
Helga Jóhannesdóttir	Fjármálastjóri
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir	Bæjarfulltrúi
Kristín Ýr Pálmarsdóttir	Aðalbókari / Hársnyrtimestari
Mikael Rafn L. Steingrímsson	Háskólanemi
Rúnar Bragi Guðlaugsson	Framkvæmdastjóri
Sólveig Franklinsdóttir	Markþjálfari / Klinka
Sturla Sær Erlendsson	Verslunarstjóri / Varabæjarfulltrúi

**ATHUGIÐ.** Kjósa skal 8 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri. Kosið skal með því að setja tölustafina 1 til 8 fyrir framan nöfn frambjóðenda. Þannig skal kjósendi setja töluna 1 fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann óskar að hljóti annað sætið í prófkjörinu, töluna 2 fyrir framan nafn þess sem hann vill að hljóti þriðja sætið í prófkjörinu, töluna 3 fyrir framan nafn þess sem hann vill að hljóti fjórða sætið í prófkjörinu og þannig koll af kolli þar til kosnir hafa verið 8 frambjóðendur.

KJÓSIÐ 8 FRAMBJÓÐENDUR Í TÖLURÖÐ

### Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ vegna röðunar á framboðslista flokksins til sveitarstjórnkosninga vorið 2018 fer fram laugardaginn 10. febrúar. Kosið verður í félagsheimili Sjálfstæðisflokksins á fyrstu hæð í Kjarna, Þverholti 2, Mosfellsbæ. Kjörfundur hefst kl. 10.00 og stendur til kl. 19.00.

#### Þátttaka í prófkjörinu er heimil:

- Öllum fullgildum meðlimum sjálfstæðisfélaganna í Mosfellsbæ sem þar eru búsettir.
- Þeim stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins sem eiga munu kosningarétt í Mosfellsbæ í komandi sveitarstjórnarkosningum og undirritað hafa inngöngubeiðni í sjálfstæðisfélag í Mosfellsbæ (Sjálfstæðisfélag Mosfellinga eða Viljann, félag ungra sjálfstæðismanna) fyrir lok kjörfundar og teljast þar með komnir á flokkskrá. Tekið verður við nýskráningum hjá Elísabetu S. Ólafsdóttur, sími 898-4412 og einnig á kjörstað meðan á kjörfundi stendur.

Hægt er að kjósa utan kjörstaðar á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins í Valhöll frá og með 29. janúar milli kl. 09 – 17.00 virka daga.

Kjörnefnd

## Framboðsfundur 8. feb.

## Kosningavaka 10. feb.





## » Arna Hagalínsdóttir gefur kost á sér í 5. sæti

**Nafn:** Arna Hagalíns.  
**Heimili:** Kvíslartunga 12.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 5. sæti.  
**Starf:** Atvinnurekandi og fjármálastjóri E. Gunnarsson ehf.  
**Fæðingardagur:** 18. maí 1982.  
**Maki:** Smári Gunnarsson.  
**Börn og aldur þeirra:** Hólmar Hagalín (11) og Sigrún Agnes (6).  
**Menntun:** MBA með sveig inn á mannauðsstjórnun frá Háskólanum í Aberdeen í Skotlandi. B.Ed frá KHÍ og stúdentspróf frá MH.  
**Störf:** Atvinnurekandi og fjármálastjóri E. Gunnarsson ehf., áður verkfagnastjóri húsgagna hjá A4, deildarstjóri yngsta stigs í Lágafellsskóla, mannauðs- og ráðningarstjóri hjá North Tech Energy, vörustjóri húsgagna hjá Pennanum og grunnskólakennari.  
**Félagsstörf:** Fulltrúi í félagi ungra sjálfstæðismanna og meðlim-

ur í FKA. Áður fulltrúi í foreldraráði og foreldrafélagi Huldubergs.  
**Áhugamál:** Í dag eiga hjóleiðar, hlaup og þjálfun fólks til að efla eigið sjálfstraust og trú á eigin getu hug minn allan.  
**Helstu áherslur:** Að skólarnir okkar séu í fremstu röð. Skólarnir eiga undir högg að sækja í stækkandi samfélagi sem gerir kröfu á skóla án aðgreiningar. Ég vil standa vörð um þetta öfluga starf og gera starfsumhverfi skólanna betra og skólana okkar á öllum skólastigum að eftirsóttum vinnustöðum. Jafnframt að íþróttafélag okkar verði í fremstu röð. Innan UMFA er öflugur hópur iðkenda og flottur hópur þjálfara sem nýtir aðstöðu og fermetrafljólda félagsins eftir bestu getu. Ég vil hlúa að þessum góða grunni og halda áfram að byggja ofan á hann með því að bæta aðbúnað og aðstöðu Aftureldingar.  
**Netfang:** arnahagalins@gmail.com

## » Ásgeir Sveinsson gefur kost á sér í 2.-3. sæti

**Nafn:** Ásgeir Sveinsson.  
**Heimili:** Ásholt 5.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 2.-3. sæti.  
**Starf:** Framkvæmdastjóri.  
**Fæðingardagur:** 23. janúar 1967.  
**Maki:** Helga Sævarsdóttir, hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur.  
**Börn og aldur þeirra:** Elvar 23 ára, Ása María 19 ára, Hilmar 17 ára.  
**Menntun:** Stúdent frá FÁ, stundaði nám í stjórnun og markaðsfræði við BI háskólann í Drammen í Noregi.  
**Störf:** Framkvæmdastjóri hjá HJ ehf. frá 2008, deildarstjóri HJ ehf. 2000-2008, markaðsstjóri hjá Lystadún - Marco 1998-2000, sölu/markaðsstjóri hjá Landflutningum-Samskip Egilsstöðum 1997-1998, handboltaþjálfari hjá Aftureldingu, Víkingi, Fram og Drammen handball klub í 25 ár.

**Félagsstörf:** Formaður meistaraflokksráðs Aftureldingar frá 2013, varaforseti Þorrablótsnefndar Aftureldingar frá 2008, stjórn handknattleiksdeildar Víkings, félagi í Karlakór Kjalnesinga.  
**Áhugamál:** Fjölskyldan, íþróttir, útivist og ferðalög.  
**Helstu áherslur:** Efla grunnþjónustu enn frekar í Mosfellsbæ, áhersla á skilvirka og opna stjórnábyrgð sem þjónar öllum íbúum bæjarins. Lægri álögur og skatta, sérstaklega á eldri borgara. Agi og skynsemi í rekstri, í fjárfestingum og framkvæmdum á vegum bæjarins. Stöðug fjölgun íbúa kallar á hraða uppbyggingu í aðstöðumálum í íþrótt-, skóla- og leikskólumálum. Áhersla á velferð eldri borgara, mæta þörfum stækkandi hóps eldri borgara.  
**Netfang:** asgeir@hj.is



## » Davíð Ólafsson gefur kost á sér í 3.-5. sæti

**Nafn:** Davíð Ólafsson.  
**Heimili:** Álsholt 10.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 3. – 5. sæti.  
**Starf:** Óperusöngvari og löggiltur skipa- og fasteignasali.  
**Fæðingardagur:** 30. janúar 1969.  
**Maki:** Hrönn Helgadóttir.  
**Börn og aldur þeirra:** Stefanía 4 ára, tvíburarnir Steinunn og Davíð Erling 8 ára, og tvö stjúpbörn, Sólrún 17 ára og Helgi 22 ára.  
**Menntun:** Útskrifaður frá Tónlistarháskóla Vínborgar, BA próf í íslenskum fræðum frá HÍ, kennslufræði til kennsluréttinda frá HÍ, framhaldspróf í stofnanastjórnun frá KHÍ, löggiltur skipa-, fyrirtækja- og fasteignasali, og með siglingaréttindi fyrir smábáta.  
**Störf:** Grunnskólakennari og stundaði sjómennsku á sumrin í 10 ár. Starfaði í 6 ár sem óperusöngvari í Austurríki, Þýskalandi og

Sviss. Síðastliðin 15 ár hefur tónlistarflutningur og skipulagning menningarviðburða verið mitt aðalstarf. Starfa einnig sem löggiltur skipa-, fyrirtækja- og fasteignasali hjá fasteignasölu Borg.  
**Félagsstörf:** Formaður Germaníu, menningarfélags Íslands og Þýskalands, varamaður í Menningarmálanefnd, meðlimur í sjóstangaveiðifélagi, Karalakórin Fóstbræður og sjálfbóðaliðastar ADRA í þriðja heiminum við byggingu skóla og sjúkrahúsa.  
**Áhugamál:** Fjölskyldan, bærinn, stjórnmál, tónlist, útivist og lífið.  
**Helstu áherslur:** Blómlegt menningarlíf skapar gott samfélag fyrir alla aldurshópa. Góðir skólar skapa góða framtíð fyrir bæjarfélagið og íbúa þess. Nú þrengir að smáfyrirtækjum og iðnaði í Reykjavík og því á Mosfellsbær að skapa kjöraðstæður og laða slíka starfsemi til bæjarins.  
**Netfang:** olafsdavid@gmail.com

## » Hafsteinn Pálsson gefur kost á sér í 3. sæti

**Nafn:** Hafsteinn Pálsson.  
**Heimili:** Dalatangi 29.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 3. sæti.  
**Starf:** Verkfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.  
**Fæðingardagur:** 7. september 1952.  
**Maki:** Lára Torfadóttir, grunnskólakennari.  
**Börn og aldur þeirra:** Guðrún Erna 38 ára, Jóhanna Rut 33 ára og Snævar Ingi 29 ára.  
**Menntun:** Byggingarverkfræðingur frá Háskóla Íslands (1976), MSCE, Georgia Institute of Technology, Atlanta, Georgia, USA (1977) og Ph.D. frá sama skóla (1982).  
**Störf:** Verkfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frá 2006. Áður verkfræðingur á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun kjarnorkuiðnaðarins í Sviss og Almennu

verkfræðistofnunni og stundakennsla við HR, Tækniháskólann, Tækniskóla Íslands og Georgia Institute of Technology.  
**Félagsstörf:** Bæjarstjórn Mosfellsbæjar, formaður bæjarráðs og áður forseti bæjarstjórnar. Formaður fræðslunefndar og stjórn Sorpu. Ritari stjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Áður formaður UMSK og ýmis trúnaðarstörf fyrir Mosfellsbæ, Aftureldingu og verkfræðinga.  
**Áhugamál:** Íþrótt-, æskulýðs-, fræðslu og skipulagsmál. Sú grunnþjónusta sem veita þarf í fjölskylduvænu umhverfi.  
**Helstu áherslur:** Efla og styrkja það framsækna samfélag sem við höfum búið okkur í bænum og gæta hófs í álögum á bæjarbúa. Fjölskylduvænt bæjarfélag bæði umhverfið og sú þjónusta sem er veitt með virðingu fyrir þörfum allra aldurshópa.  
**Netfang:** hp@mos.is



## Prófkjör 10. febrúar

Kosið verður  
í félagsheimilinu  
í Kjarna,  
opið kl. 10-19.



## Utankjörfundarkosning hafin í Valhöll

Hægt er að kjósa utan kjörfundar  
í Valhöll, húsi Sjálfstæðisflokksins,  
Háaleitisbraut 1, alla virka daga  
til 9. febrúar milli kl. 9 og 17.





## Haraldur Sverrisson gefur kost á sér í 1. sæti

**Nafn:** Haraldur Sverrisson.  
**Heimili:** Skálahlíð 46.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 1. sæti.  
**Starf:** Bæjarstjóri Mosfellsbæjar.  
**Fæðingardagur:** 14. des 1961.  
**Maki:** Ragnheiður Gunnarsdóttir.  
**Börn og aldur þeirra:** Steinunn Anna 36 ára, Valgerður 26 ára, Sverrir 17 ára.  
**Menntun:** Cand Ocon í viðskiptafræði frá HÍ 1983 og framhaldsnám í fjármálum og stjórnun í University of Arizona 2000-2001.  
**Störf:** Framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Vals 1986-88, skrifstofustjóri rekstrar- og upplýsingaskrifstofu fjármálaráðuneytisins 1988 – 2007, bæjarstjóri Mosfellsbæjar frá 2007  
**Félagsstörf:** Formaður Golfklúbbsins Kjalar 1996-2000.

Hef setið í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum Mosfellsbæjar, sambanda sveitarfélaga og ríkisins.  
**Áhugamál:** Útivera, fjallgöngur, golf, stjórnmál og síðast en ekki síst Mosfellsbær.  
**Helstu áherslur:** Að best sé að búa í Mosfellsbæ. Ég hef brennandi áhuga á sveitarstjórnarmálum og vil bjóða fram krafta mína og reynslu til að vinna áfram að málefnum Mosfellsbæjar á næsta kjörtímabili. Ég er Mosfellingur inn að beini og hef séð samfélagið okkar breytast úr sveit í bæ. Ég hef notið þess og er þakklátur fyrir að hafa fengið að vinna fyrir bæjarbúa sem bæjarfulltrúi og bæjarstjóri undanfarin ár og hef mikla löngun og vilja til að halda því áfram  
**Netfang:** haraldur@mos.is

## Helga Jóhannesdóttir gefur kost á sér í 3. sæti

**Nafn:** Helga Jóhannesdóttir.  
**Heimili:** Hjarðarland 4a.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 3. sæti.  
**Starf:** Fjármálastjóri.  
**Fæðingardagur:** 23. júlí 1965.  
**Maki:** Örn Jónasson.  
**Börn og aldur þeirra:** Franz Jónas Arnar Arnarson 24 ára, María Ísabella Arnardóttir 21 árs.  
**Menntun:** B.Sc. gráða í viðskiptafræði frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (CBS), meistara gráða í stjórnun og stefnumótun frá sama skóla. Meistara gráða í opinberri stjórnsýslu frá HÍ.  
**Störf:** Starfa sem fjármálastjóri Útlendingastofnunar. Áður fjármálastjóri Þjóðskjalasafns Íslands, sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu, sérfræðingur hjá Hagstofu Íslands.

**Félagsstörf:** Félag mannauðsstjóra ríkisins, UMFÍ, Sóknarnefnd Lágafellskirkju, Nordisk Samorganisation for Ungdomsarbejde, Íslensk getsþá, Æskulýðssjóður ríkisins, UMSK, Aðalstjórn Aftureldingar, Starfsþróunarsetur háskólanna, Jafnréttisvaktin, Samninganefnd ríkisins, Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga og Ferðakostnaðarnefnd ríkisins  
**Áhugamál:** Útivist, hreyfing, félagsmál, ferðalög og bókaletur.  
**Helstu áherslur:** Ábyrg fjármálastjórn, einföld, skilvirk og gagnsæ stjórnsýsla. Bætt skipulag með tilliti til umhverfis- og samgöngumála. Umbætur í samgöngumálum. Umgjörð og aðstaða starfsfólks og nemenda skóla innan Mosfellsbæjar verði til fyrirmyndar. Að aðstaða og aðbúnaður bæjarbúa verði til fyrirmyndar til að efla og auka lýðheilsu, félagsstarf og íþróttir.  
**Netfang:** helgajohannes@simnet.is



## Kolbrún Guðný Þorsteinsdóttir gefur kost á sér í 2. sæti

**Nafn:** Kolbrún Guðný Þorsteinsdóttir.  
**Heimili:** Ásland 3.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 2. sæti.  
**Starf:** Öryggis- og fræðsludeild Samgöngustofu.  
**Fæðingardagur:** 19. ágúst 1967.  
**Maki:** Sigurður Andrésón.  
**Börn og aldur þeirra:** Þorsteinn Már 28 ára, Andrés Leó 21 árs og Snorri Þór 12 ára.  
**Menntun:** Kennari og lýðheilsufræðingur.  
**Störf:** Kennari í áratugi og nú Samgöngustofa.  
**Félagsstörf:**  
 • Einn af stofnendum Erindis - samtaka um samskipti og skólamáli.

• Áralangt starf með knattspyrnudeild Aftureldingar vegna knattspyrnuáhuga sonanna, m.a. formaður barna- og unglingaráðsins.  
**Áhugamál:** Fólk, stjórnmál, samvera og bætt samfélag.  
**Helstu áherslur:**  
 Skólamálin eru mín hjartans mál og mun ég halda áfram að standa við bakið á skólunum í bænum. Ánægja íbúa felst í þeirri þjónustu sem þeir fá hjá stofnunum bæjarins. Góður bæjarbragur er mikilvægur og viðhöldum við bæjarbrag með því að hlusta á allar raddir og mæta þörfum allra bæjarbúa eftir bestu getu og með gleði í hjarta. Það gerum við með því að hafa hér áfram trausta og ábyrga fjármálastjórn þar sem virðing er borin fyrir skattfé Mosfellinga. Þannig vinnum við saman að því að gera Mosfellsbæ að besta stað í heimi að búa í.  
**Netfang:** kolbrunth@mos.is

## Kristín Ýr Pálmarsdóttir gefur kost á sér í 5.-9. sæti

**Nafn:** Kristín Ýr Pálmarsdóttir.  
**Heimili:** Spóahöfði 17.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 5.-9. sæti.  
**Starf:** Aðalbókari/ launafulltrúi - hársnyrtimeistari.  
**Fæðingardagur:** 26. febrúar 1974.  
**Maki:** Jónas Bjarni Árnason.  
**Börn og aldur þeirra:** Andri Freyr 19 ára og Sunneva Ósk 15 ára.  
**Menntun:** Hársnyrtimeistari og diplóma í rekstrar- og viðskiptanámi.  
**Störf:** Aðalbókari /launafulltrúi hjá Aftak, bókari hjá Endurvinnslunni, hársnyrtir á hárgreiðslustofunum Skonsunni, Hárforni og Cleopötru.

**Félagsstörf:**  
 Er meðlimur í FKA, félagi kvenna í atvinnulífinu, vann með Lions Úunum í eitt ár, ymis félagsstörf í Lágafellsskóla í kringum skólagöngu barna minna og sat í foreldranefnd í leikskólanum Huldubergi þegar börnin mín voru á leikskólaaldri.  
**Áhugamál:** Myndlist, matreiðsla, útivist og að smíða með mannum mínum.  
**Helstu áherslur:** Umhverfismál, málefni fjölskyldusviðs og félagsþjónusta eldri borgara.  
**Netfang:** kristinyr@aftak.is



# Framboðsfundur í FMOS 8. febrúar

Sjálfstæðisfélag Mosfellinga heldur opinn kynningarfund með frambjóðendum í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ fimmtudaginn 8. febrúar kl. 20:00.

Hver frambjóðandi heldur stutta framsögu og í framhaldi gefst fundarmönnum kostur á að ræða við frambjóðendur og þeir svara spurningum.

Mosfellingar eru hvattir til að mæta á fundinn og kynnast frambjóðendum.





## » Mikael Rafn Línberg Steingrímsson gefur kost á sér í 5.-6. sæti

**Nafn:** Mikael Rafn Línberg Steingrímsson.  
**Heimili:** Tröllateigur.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 5.-6. sæti.  
**Starf:** Vaktstjóri með námi.  
**Fæðingardagur:** 8. desember 1997.  
**Maki:** Einhleypur.  
**Börn og aldur þeirra:** Engin.  
**Menntun:** Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund og stunda hagfræðinám við Háskóla Íslands.  
**Félagsstörf:** Gjaldkeri Skólafélags Menntaskólans við Sund 2016-2017, stjórnarmeðlimur Samtaka frjálsra framhaldsskólánema 2016-2017, sjöunda sæti á lista Vöku fyrir Félagsvísindasvið Háskóla Íslands,

formaður Félags ungra Sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ og sit í framhaldsskólanefnd Mosfellsbæjar.  
**Áhugamál:** Körfubolti, líkamsrækt, útivera og samfélagið.  
**Helstu áherslur:** Ég vil að Mosfellsbær verði leiðandi bæjarfélag í geðheilbrigðis- og umhverfismálum. Ég vil setja meira fjármagn í íþróttamiðstöðvarnar og fjölga upplýstum leikvöllum. Mig langar til þess að Mosfellsbær verði fyrsti valkostur hjá ungu fólki þegar kemur að því að kaupa fyrstu íbúð. Ég vil að ungt fólk skipti mun meira máli en það gerir nú í bænum og legg mikla áherslu á frelsi einstaklingsins.  
**Netfang:** mikaelrafnn@gmail.com

## » Rúnar Bragi Guðlaugsson gefur kost á sér í 4. sæti

**Nafn:** Rúnar Bragi Guðlaugsson.  
**Heimili:** Kvíslartunga 49.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 4. sæti.  
**Starf:** Framkvæmdarstjóri hjá Einari Ágústssyni / varabæjarfulltrúi.  
**Fæðingardagur:** 7. maí 1973.  
**Maki:** Bylgja Bára Bragadóttir sölustjóri hjá A4.  
**Börn og aldur þeirra:** Bragi Þór 24 ára og Birta Rut 17 ára.  
**Menntun:** MBA gráða frá Háskóla Íslands, diplóma í rekstrar- og viðskiptafræði og markaðs- og útlutningsfræði frá EHI.  
**Félagsstörf:** Fyrsti varamaður í bæjarstjórn, formaður íþrótt- og tómstundanevndar, formaður þróunar- og ferðamálanefndar ásamt því að vera varaformaður heilbrigðisnefndar. Sit í stjórn fulltrúaráðs og stjórn Sjálfstæðisfélags Mosfellsbæjar. Hef sinnt ýmsum sjálfbóðaliðastörfum fyrir Aftureldingu, og hef verið forseti

Porrablótsnefndar Aftureldingar síðan 2008.  
**Áhugamál:** Fjölskyldan á hug minn allan í frístundum, sem og flestar íþróttir og útivera eins og t.d. golf, fótþolti, hjólræiðar, útilegur og nú undanfarið stefnt að því að stunda meira skíði.  
**Helstu áherslur:** Ég legg áherslu á að Mosfellsbær verði fyrsti kostur fyrir fólk sem leitar sér að framtíðarþúsetu. Að Mosfellsbær haldi áfram sem heilsueflandi samfélag þar sem áhersla er lögð á þarfir íbúa á öllum aldri. Að stjórnsýslan sé gagnsæ og skilvirk. Að einstaklingar og fyrirtæki fái að blómstra og það sé gott aðgengi að kjörnum fulltrúum. Ég vil að aðstaða sé viðunandi til að stunda íþróttir og tómstundir í bænum okkar, og skólarnir verði eftirsóttir vinnustaðir og bjóði upp á bestu mögulegu kennsluna.  
**Netfang:** runarbg@hotmail.com



## » Sólveig Franklínisdóttir gefur kost á sér í 4. sæti

**Nafn:** Sólveig Franklínisdóttir.  
**Heimili:** Furubyggð 15.  
**Sæti sem óskað er eftir:** 4. sæti.  
**Starf:** Markþjálfri, klínka (aðstoðarmaður tannlæknis).  
**Fæðingardagur:** 4. nóvember 1968.  
**Maki:** Örn Gunnarsson.  
**Börn og aldur þeirra:** Franklín Ernir Kristjánsson 15 ára.  
**Menntun:** Markþjálfri frá Evolvía, stúdentspróf frá Hraðbraut, 5. stig í tónfræði og píanóleik frá Tónmenntaskóla Rvk., hygg á framhaldsnám í markþjálfun í haust.  
**Störf:** Markþjálfri hjá Markþjálfasetrinu Rými til vaxtar, Evolvía, aðstoðarmaður tannlæknis, Domus Dentis/fallegt bros.is.  
**Félagsstörf:** Ég er í fulltrúaráði Sjálfstæðisflokks Mosfellsbæjar, sit í þróunar- og ferðamálanefnd, áður áheyrnarfulltrúi í fræðslu-

nefnd, var formaður foreldrafélags Reykjakots og Varmárskóla, í skólaráði Varmárskóla. Ég er skáti í Mosverjum og er formaður foreldrafélags SFR og sit í stjórn Skyldingasambands Íslands.  
**Áhugamál:** Náttúran, útivist og dýralíf. Tónlist, dans og skyldingar. Lestur góðra bóka og mannlífið og lýðheilsa.  
**Helstu áherslur:** Í mínum huga er Mosfellsbær falinn fjársjóður sem ber að standa vörð um. Ég legg áherslu á umhverfis- og auðlindamál og að horfa til framtíðar varðandi skipulag bæjarfélagsins í sátt og samlyndi við íbúa og umhverfi. Þá skiptir máli að forgangsraða í þágu lýðheilsu og aukinna lífsgæða bæjarbúa og gæta hófsemi í álögum. Ég vil stuðla að framförum í skólumálum með áherslu á gott vinnuumhverfi í menntastofnunum bæjarinnar sem um leið eykur gæði menntunarinnar.  
**Netfang:** solveigf@simnet.is

## » Sturla Sær Erlendsson gefur kost á sér í 4.-6. sæti

**Nafn:** Sturla Sær Erlendsson.  
**Heimili:** Rituhöfði 4.  
**Sæti sem óskað er eftir:** Ég óska eftir 4.-6. sæti.  
**Starf:** Verslunarstjóri og fatahönnuður. Er varabæjarfulltrúi og varaformaður þróunar- og ferðamálanefndar í Mosfellsbæ.  
**Fæðingardagur:** 12. mars 1995.  
**Kæraasta:** Gígja Teitsdóttir  
**Börn og aldur þeirra:** Barnlaus.  
**Menntun:** Var í Lágafellsskóla. Útskrifaðist af hagfræðisviði frá Menntaskólanum við Sund árið 2015.  
**Störf:** Fiskbúðin Mos, verslunarstjóri í Smash, hönnuður og eigandi Reykjavík Roses.

**Félagsstörf:** Skólaráð Lágafellsskóla, Nemendaráð Lágafellsskóla, Ungmennaráð Mosfellsbæjar.  
**Áhugamál:** Ég hef brennandi áhuga á hönnun og nýsköpun. Ört vaxandi áhugi á stjórnmálum. Íþróttir eru líka ofarlega á listanum og ég elska snjóþretti.  
**Helstu áherslur:** Ég er stoltur Mosfellingur og hef alveg ólækandi áhuga á því sem er að gerast í bænum mínum. Gallupkannanir hafa sýnt að Mosfellingar eru ánægðir með bæinn sinn og vil ég vinna að því að svo verði áfram. Skólamáli og umhverfismál skipta okkur máli og líka húsnæðismál unga fólksins. Mosfellsbær er staðurinn þar sem ég vil búa með minni fjölskyldu og veit ég að margir jafnaldrar mínir eru mér sammála.  
**Netfang:** Sturla@ntc.is



# KOSNINGAVAKA að loknu prófkjöri

Hefst kl. 20 laugardagskvöldið 10. febrúar  
í félagsheimilinu í Kjarna

Verið velkomin

